

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

295. tbl - 7. árg.

15. mars 2007



SPARISJÓÐUR  
Ólafsvíkur

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Fjöldmenni á opnu húsi

Vel á annað hundrað gesta mættu á opið hús í Fiskiðj- unni Bylgju laugardaginn 10. mars s.l. Nýji flatfisk- hausarinn Hinni-007 var þar formlega tekinn í notkun af forvera sínum og heiðurs- gesti opna hússins, Hinriki Pálssyni. Þar með er hand- hausun á flatfiski lokið hjá Bylgju en það starf var eink- ar kalsamt og margar sina- skeiðabólgurnar raktar til þess verks. Hausarinn hefur verið tekinn út af Vinnueftir- liti ríkisins og uppfyllir í dag allar kröfur um öryggi og hreinlæti. Gestum voru sýndir vinnslusalir og boðið var upp á djúpsteiktan



skötusel og kolarúllur. Þor- steinn Jakopsson og Dalrós Dungog léku léttu tónlist undir borðhaldinu.

Starfsmenn og stjórn Fisk- iðjunnar Bylgju vilja þakka

þeim fjölmörgu sem heim- söttu okkur á laugardaginn

og viljum vekja athygli á breyttri heimasíðu Bylgjunn- ar, www.bylgja.is sem hefur verið sett upp á þremur tungumálum en þar má finna ýmsan fróðleik um sögu fyrirtækisins og starf- semi. Á myndinni sést Hin- rik Pálsson raða fyrstu fisk- unum í eftirmann sinn undir handleiðslu Miroslav A. Gos- linski sem er umsjónarmað- ur Hinna-007 og sér til þess að hann afkastar á við fimm hand-hausara með ívið betri nýtingu en áður.

## Fróðárheiði flýtt

Meirihluti samgöngu- nefndar Alþingis leggur til 1,6 milljarða viðbótar- framlög í samgönguáætl- un á árunum 2008 til 2009. Mestu munar um einn milljarð sem fer í tvær stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Meðal viðbótarframlaga til landsbyggðarinnar er að 100 milljónir eru settar í vegagerð á Fróðárheiði svo að hægt verður að bjóða það út strax á næsta ári. 100 milljónum verður

varið til vegagerðar á ár- inu 2009, 100 milljónum á árinu 2010 og afgangur- inn svo á árinu 2011 og síðar. Gert er ráð fyrir að heildar kostnaður við Fróðárheiðina nemi 560 milljónum.

Einnig verða settar 70 milljónir til hafnarfram- kvæmda á Rifi strax á næsta ári til viðbótar þeim 170 milljónum sem gert var ráð fyrir í upphafleg- um tillögum um fjármuni til hafna í Snæfellsbæ.

## Nýtt á sölu



Ólafsvík

Stekkarholt 8 er byggt 1981 úr timbri og múrsteini. Húsið sem er 137,5 fm og skiptist í forstofu, þvottahús, eldhús, tvær stofur, þrjú herbergi, baðherbergi og tölvurými. Á forstofu eru flisar og á baðherbergi eru flisar í hólf og gólf og hiti er þar í gólf. Á eldhúsgólfu eru korkflisar og innréttingin er tveggja ára úr eik og er mjög flott. Stofan er rúmgóð og skiptist í borðstofu og setustofu með arin og á gólfum er gott og nýlegt parket. Á gólfum í herbergum er gott parket og í þeim öllum eru skápar. Í húsinu eru oregonpinegluggar og þakið er í góðu lagi. Í húsinu er gott geymslu loft.

Úr setustofunni er gengið út á stóran sólpall sem er við alla suðvestur hússins. Við húsið er bílskur sem er 42,5 fm. Þetta er mjög gott hús og litur vel út í alla staði. Það stendur á hornlóð á góðum stað í bænum.

Verð: 21,6 millj.



Ólafsvík

Til sölu er Brautarholt 8. Húsið er byggt úr steypu 1957 og er 81,5 fm. Það skiptist í forstofu, hol, eldhús, búr, tvö herbergi, stofu, baðherbergi, þvottahús og kyndingu. Á holi og baðherbergi eru flisar en á herbergjum, eldhúsi og holi er dúkur. Á stofunni er parket. Allir gluggar á austurhlíð eru nýlegir. Húsið er klætt með stáli og á þaki er nýlegt járn. Ný rafhitun er í húsinu. Við húsið er bílskur úr timbri og er hann 36,5 fm og þarfnast hann endurbóta.

Ásett verð er 9,2 millj.

Sjá upplýsingar  
um eignir í Snæfellsbæ  
á [valholl.is](http://valholl.is) undir söluskra

VALHÖLL  
FASTEIGNASALA

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

Ingfólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali,  
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

 **KÆLIVER** ehf  
S:530-3100



**HOBBITINN**

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA  
Afsláttur á Bland í poka á laugardögum

# Tónleikasamkoma í Ólafsvíkirkirkju



Tónleikasamkoma var haldin í Ólafsvíkirkirkju sl. mánudagskvöld. Eins og nafnið gefur til kynna var þar blandað saman töluðu orði og tónlist. Stundin hófst með að undirritaður flutti ávarpi, bæn og hugleiðingu um lífið og kærleikann. Því næst voru tónlistarmenn kvöldsins, þeir Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmarsson, kynntir til leiks.

Gestirnir sungu aðallega lög af nýrri plötu sinni *Nokkrar notalegar ábreiður* ásamt fleiri þekktum lögum úr þeirra eigin ranni. Kirkjan var þéttsetin og andinn í stundinni var hlýr, jákvæður og notalegur.

Aðgangur var ókeypis þar sem nokkur fyrirtæki í Ólafsvík höfðu styrkt Ólafsvíkirkirkju vegna þessarar tónleikasamkomu í tilefni af 40 ára vígsluafmæli kirkjunnar á þessu ári. Þessi fyrirtæki eru: Fiskmarkaður Íslands, Fiskidjan Bylgja, Fiskverkunin Valafell, Útgerð Guðmundar Jenssonar, Útgerðfélagið Haukur og Útgerðarfélagið Steinunn. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir þeirra hlut til þess að láta þessa tónleikasamkomu verða að veruleika.

Myndina tók Sonja Rut Jóhannsdóttir

Sóknarprestur

## Tónleikar

Siggi Hösk. og hljómsveit verður með tónleika á Hótel Ólafsvík þann 24. mars n.k.

Nánar auglýst í næsta blaði

Bajarblaðið



SNÆFELLSBÆ

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

**Þín verslun**

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tíloða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is

## Dekkja- og smurþjónusta **Snæfellsbæjar**

Ólafsvík - Snæfellsbæ

Um leið og

Dekkja- og smurþjónusta Snæfellsbæjar  
þakkar viðskiptin s.l. 10 ár,  
viljum við óska Heiðari og Sibbu t  
il hamingju með fyrirtækið  
en þau taka við rekstrinum  
þann 15. mars.



HÓTEL  
**Ólafsvík**

Munið boltinn  
á breiðtjaldi,  
kaldur á góðu verði

30% afsláttur af  
grillmatseðli á meðan  
boltinn er sýndur

Minum á að  
veitingastaðurinn er  
opinn alla daga  
Gerum tilboð í Veislur  
og aðrar uppákomur



HÓTEL  
**Ólafsvík** S: 436 1650

## Take away

Föstudaga, laugardaga og  
sunnudaga frá 18 - 21

## Thai réttir

1. Nautkjöt í oystrusósu  
Kr 1.595
2. Nautakjöt "massaman"  
Kr 1.595
3. Kjúklingur "pat ka pá"  
(sterkur réttur) kr. 1.495
4. Kjúklingur "Gen carry"  
kr 1.495
5. Lamb "Gen carry" kr 1.595
6. Lamb í kókos og chili  
(sterkur réttur) kr 1.595
7. Svínakjöt "massaman"  
kr 1.495
8. Svínakjöt "panang" kr 1.495
9. Steiktur núðlur með eggj  
og grænmeti kr 650
10. Djúpsteiktur rækjur  
með súrsætri sósu kr. 1.220

### TILBOÐ nr 1

Nautakjöt í oystrusósu  
Steiktur núðlur með eggj og grænmeti  
Djúpsteiktur rækjur með súrsætri sósu  
Hrisgrjón  
Kr 1195 pr. mann m.v. tvo eða fleiri

### TILBOÐ nr 2

Kjúklingur "Gen carry"  
Svínakjöt "massaman"  
Djúpsteiktur rækjur með súrsætri sósu  
Hrisgrjón  
Kr 1195 pr. mann m.v. tvo eða fleiri



**SNÆFELLSBÆR**

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

# Snjóflóðavarnir í Ólafsvík

**Þriðjudaginn 20. mars kl. 20:00**  
**verður haldinn íbúafundur í Klifi**

**Kynning verður á fyrirhuguðum framkvæmdum**  
**við snjóflóðavarnir í Ólafsvík**

**Tæknideild Snæfellsbæjar**



Ólafsvíkirkirkja

**Sunnudagaskóli**

nk. sunnudag kl. 11.00

**Sóknarnefndarmessa**

Sóknarnefndarmessa nk. sunnudag kl. 14.00.

Til messunnar hafa allir þeir, sem setið hafa í sóknarnefnd við Ólafsvíkirkirkju á sl. 40 árum, verið boðaðir. Hins vegar eru auðvitað allir velkomnir.

Kaffveitingar eftir messu í Safnaðarheimilinu.

Þar flytja stutt erindi:

Baldvin Leifur Ívarsson sóknarnefndarformaður  
og tveir fyrrverandi sóknarnefndarformenn,  
þeir Stefán Jóhann Sigurðsson og Sævar Þórjónsson.

Allir velkomnir

*Sóknarprestur*

## Bætt GSM samband í Þjóðgarðinum

Á vef Samgönguráðuneytis kemur fram að í forvali vegna síðari áfanga GSM-þéttingar sé gert ráð fyrir að bæta þjónustu á nokkrum stöðum í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Það verður gert samhliða bættri þjónustu á stofnvegum og ferðamannasvæðum

í nágrenni hans.

Þetta er mikið fagnaðar efni þar sem að símasamband hvort sem það er GSM eða NMT hefur verið lítið í þjóðgarðinum og nágrenni hans. Öryggi vegfarenda og sjófarenda mun því aukast til muna við þetta.

**Er kyndikostnaðurinn hárr?**

-Kyndirðu með rafmagni? -í heimahús  
-Kynntu þér varmadælurnar -í geymslur  
-Þær lækka kyndikostnaðinn -í útihús  
-í sumarhús



**Ís-húsið 566 6000**

# Hraðamyndavélar; úrvinnsla mynda á Snæfellsnesi

Dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjórinn hafa ákveðið að úrvinnsla mynda úr sjálfvirkum hraðaeftirlitsmyndavélum fari fram hjá embætti sýslumanns Snæfellinga í Stykkishólmi.

Kynnt var 1. febrúar s.l. að gengið hefði verið frá samningum á grundvelli umferðaröryggisáætlunar á milli ríkislögreglustjórans, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu fyrir hönd samgönguráðuneytisins um aukið umferðareftirlit lögregl-

unnar um land allt.

Einn þáttur samninganna er, að Vegagerðin fjármagnar kaup og uppsetningu á 16 hraðaeftirlitsmyndavélum auk kaupa á hugbúnaði, sem afhentur verður lögreglu til notkunar við úrvinnslu mynda úr hraðaeftirlitsmyndavélunum. Þá fjármagnar Vegagerðin tæknilegan rekstur myndavélakerfisins og þess hluta tölvukerfis hans, sem er utan tölvukerfis lögregunnar.

Samningstíminn er tvö ár og á honum greiðir Umferðarstofa

ríkislögreglustjóranum jafnvirði tveggja stöðugilda auk tæknilegs kostnaðar, að hámarki 14. m. kr. hvort árið. Fjámunirnir eru til að greiða fyrir laun tveggja starfsmanna, sem annast munu úrvinnslu mynda úr hraðaeftirlitsmyndavélunum og sekta á grundvelli þeirra, og fyrir tæknilegan kostnað vegna starfa þeirra.

Sýslumaður Snæfellinga fór þess á leið við ríkislögreglustjóranum með bréfi 12. febrúar s.l. að úrvinnsla myndanna úr

hraðaeftirlitsmyndavélunum færi fram hjá embætti hans í Stykkishólmi.

Embætti sýslumanns Snæfellinga býr við mjög góðan húskost og getur tekið við þessum tveimur starfsmönnum án þess að gera teljandi breytingar á húsnæði embættisins í Stykkishólmi.

8. mars 2007

Ólafur K. Ólafsson  
sýslumaður.

## SKIPSTJÓRI

Skipstjóra vantar á 15 tonna bát sem stundar beitukónsveiðar frá Grundarfirði.

Upplýsingar hjá Ásgeiri í síma 892 9360



Ólafsbraut 2 er til sölu  
Upplýsingar í síma 436 1204

## Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur í Ingjaldshólsprestakalli verður haldinn miðvikudaginn 21. mars, kl 20:00

í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju.

Dagskrá: venjulega aðalfundarstörf.

Allir velkomnir

Sóknarnefnd.



## Smáauglýsingar

### Bill til sölu

MMC Space Wagon til sölu  
Uppl. í síma 845 3508

### Brettaskór til sölu

Mjög lítið notaðir brettaskór nr. 33 og 34 til sölu  
Uppl. í síma 893 5443

## TAKIÐ DAGINN FRÁ...!



Þann 21. mars næstkomandi verður haldið málþing um málefni innflytjenda á Vesturlandi.

Málþingið verður haldið í félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík.

Leitast verður við að svara spurningunni: Hvernig hafa sveitarfélög, atvinnurekendur og íbúar á Vesturlandi tekið á móti innflytjendum?

Markmiðið með málþinginu er m.a. að varpa ljósi á eftirfarandi spurningar:

- Höfum við tekið vel á móti innflytjendum hér á Vesturlandi?
- Hvaða upplýsingar eru í boði fyrir innflytjendum?
- Hvaða upplýsingar vantar?
- Hver er stefna stjórnvalda varðandi innflytjendum?
- Hver er upplifun innflytjenda þegar þeir flytja á Vesturland?
- Hver eru kjara- og atvinnuréttindi innflytjenda?

Fjöldmargir áhugaverðir fyrirlesarar.

Hvetjum alla til að taka þennan dag frá, enda koma málefni innflytjenda okkur öllum við.

Skráning fer fram í síma 437 1318 eða á netfangið kristin@ssv.is

Nánari dagskrá auglýst síðar...



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi



## Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu  
að Norðurtanga 1

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík  
kl. 17:00 alla virka daga.  
Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.  
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

## 9. bekkjar - tryllir

9. bekkjar - tryllir  
9. bekkjar - tryllir  
9. bekkjar - tryllir  
9. bekkjar - tryllir  
9. bekkjar - tryllir

**Fimmtudaginn 15. mars  
mun 9. bekkur  
vera með leiksýningu  
í Grunnskóla Snæfellsbæjar  
í Ólafsvík  
til styrktar ferð þeirra  
að Laugum í Sælingsdal.**

### Miðaverð:

Fullorðnir 1.000,-  
nemendur grunnskólans 500,-  
Yngri börn frítt  
veitingar eru innifaldar í verðinu.

**Opið hús er í skólanum frá kl. 18-19  
og verður sýningin  
í beinu framhaldi af því.**

**Vonumst til að sem flestir sjái sér fært  
að mæta.**

Með kveðju, 9. bekkur



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



## Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

## Kynningartextar



Í tónleikasamkoma sem var  
haldin í Ólafsvíkirkirkju sl.  
mánudagskvöld kynnti sr.  
Magnús, Eyjólf Kristjánsson  
og Stefán Hilmarsson í staf-  
rófs- og aldursröð með eftir-  
farandi texta:

**Eyjólfur /lag: Álfheiður Björk**  
Eyjólfur Krist  
við erum trist,  
að hafa þig hérna  
í helginni í kvöld.

Veit fleira fólk  
fá vill á svið,  
gestinn oss góða  
með gítar við hlið

Þú mátt syngja' um hlýju' í hjarta  
og hugarþelið bjarta,  
já, syngdu þinn söng  
þá verður stundin ei löng;  
já Eyjólfur, syngdu þinn söng.

### Stefán /lag: Líf

Ljósíð myrkríð, lýsir upp  
er lítur til okkar í kvöld;  
Stebbi Hilmarss stórsöngvari  
sterki eurovisionfari  
og öðlast andann í helginni.

Vor og von, hann mætir með  
vekur hjá oss kæra kennnd,  
allt í einu ertu kominn  
til Ólafsvíkur, langt að kominn  
og dregur andann í helgri höll

Líf, lögin fá er röddin þín skær  
líf, lögin fá er röddin þín tær  
ljómar og texta tekur,  
snilldin er tær og traust  
orðið laust - Stebbi minn - hef  
upp raust.

Myndina tók Sonja Rut Jóhanns-  
dóttir

## GETRAUNIR

Strákarnir á Saxhamri  
tóku snillingana hjá Gústa-  
lögnum ehf í kenslustund  
og unnu þá 9-8. Snillingarnir  
hjá Gústalögnum ehf  
skora á A.M.C. verktaka.  
Staðan í hópleiknum verður  
birt í næsta blaði. Hægt  
er að sjá stöðuna í hópleiknum  
um leið og þið

mætið til að tippa á skrif-  
stofu félagsins Norðurtanga  
1 á laugardögum kl.10.30 til  
13.00. Munið félagsnúmer-  
ið 355.

Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.  
Stjáni Tótu



# Framboðslisti vegna stjórnarkosninga Vlf. Snæfellsbæjar 2007-2009

**Formaður :**

Guðrún Fríða Pálsdóttir

**Varaformaður:**

Sigurður Arnfjörð Guðmundsson

**Gjaldkeri:**

Hallgrímur Ottósson

**Ritari :**

Guðbjörg Jónsdóttir

**Meðstjórnendur:**

Sigurlaug Konráðsdóttir

Jens Sigurbjörnsson

Hafþór Svansson

**Varastjórn :**

Jóhanna Steingrímsdóttir

Shaun David Oliver

Maria Florinda Perez

**Trúnaðarmannaráð:**

Guðjón Björnsson

Jón Rafnsson

Ægir Sigurðsson

Rúnar Hallgrímsson

Rögnvaldur E Sigmarsson

Þór Kristjánsson

Urszula Zyskowska

Hekla Vilhjálmsdóttir

Unnur Erlingsdóttir

June Beverley Schott

**Varamenn í Trúnaðarráð:**

Guðrún Anna Reyes

Sofía Mijal

Jón Veigar Ólafsson

Hanna Kristinsdóttir

*Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingatillögum um félagi í einstakar trúnaðarstöður næsta kjörtímabil. Breytingatillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna.*

*Nýjum beildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 40 fullgildra félagsmanna.*

*Skila verður breytingatillögum á skrifstofu félagssins.*

*Frestur til að skila inn breytingatillögum rennur út 15 dögum eftir að auglýsing þessi er birt.*

**Kjörstjórn**